

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni, vill samþykkja frv. Við undirritaðir leggjum um hins vegar til, að frv. verði fellt.

Efni frv. þessa er að hækka útflutningsgjald af saltsild, humar og óverkudum saltfiski um 42 millj. kr. á ári. Þetta fé á síðan að nota til þess að greiða váttryggingariðgjöld fiskiskipa, sem hafa vaxið risaskrefum síðustu árin. Árið 1967 varð halli tryggingarsjóðs fiskiskipa 95 millj. kr. og er áætlaður í ár 103 millj. kr.

Þessi afkoma tryggingarsjóðs fiskiskipa sýnir ljóslega, að endurskoðunar er þörf á öllu tryggingarkerfi fiskiskipa, en frv. þetta leysir á engan hátt þann vanda, sem til staðar er. Er nánast furðulegt, að ekki skuli fyrir löngu hafa verið efnt til athugunar þeirrar, sem athugasemdir frv. gera ráð fyrir í því skyni að draga úr útgjöldum sjóðsins.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum há fjáröflunarleið, sem með frv. er lögð til, fráleita við ríkjandi ástand í útgerð fiskiskipa, sem kunnara er en svo, að lýsa þurfi.

Gjald þetta mun leggjast beint á hráefnisverðið og lækka þannig tekjur sjómanna og raska þeim kiörum, sem þeir hafa, en sízt má það verða, ef hugsa á til þess að gera út á síldveiðar í sumar og haust.

Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna hefur líka mótmælt frv. þessu harðlega og segir m. a. svo í mótmælalabréfi sínu til Alþingis:

„Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna telur ekki hægt að leggja aukin útflutningsgjöld á sjávarafurðir okkar, þegar við eigum í síaukinni samkeppni með sölu þeirra við aðrar þjóðir. Saltsíldarmarkaðurinn er mjög þröngur, og þar gætir stóruaukinnar samkeppni frá öðrum þjóðum. Á sama tíma og Norðmenn styrkja sinn saltsíldariðnað með 30 norskum krónum pr. tunnuna (á þriðja hundrað ísl. kr.) á að stórauka útflutningsgjöld á íslenskri saltsíld, sem við seljum á sama markað og þeir. Við það bætist, að útlit er fyrir, að við þurfum að veiða síldina austur undir Noregi, sem hefur í för með sér stóraukinn kostnað og minni afla.

Á síðasta ári varð stórfelld verðlækkun á síld til bræðslu, samfara minni afla. Við það versnaði afkoma sjómanna svo, að nú eru orðin mikil vandræði á að manna stærstu bátana og fyrirsiðanlegt er, að auknir örðugleikar verða á að fá sjómenn til síldveiða í sumar, þrátt fyrir minni atvinnu í landi en verið hefur. Viljum við benda á, að með hækkun á útflutningsgjaldi er verið að raska þeim skiptakiörum, sem verið hafa milli útgerðar og sjómanna. Viljum við vara við þeim afleiðingum, sem af því geta hlotizt. Von okkar var sú, að með hækkun verði á síld til söltunar sköpuðust möguleikar á söltun um borð í fiskiskipunum, sem gæfi auknar tekjur til sjómanna og útgerðar, og við héldum okkar dýrmætu saltsíldarmörkuðum. En ef það frumvarp, sem hér um ræðir, verður að lögum, sjáum við ekki, hvernig hægt verður að fá það verð, sem nauðsynlegt er til að manna fiskiskipin til síldveiða á komandi sumri.“

Þá hafa félög síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Suður- og Vesturlandi mótmælt frv. harðlega svo og Síldarútvegsnefnd.

Í mótmælalabréfi Síldarútvegsnefndar segir m. a.:

„Síldarútvegsnefnd vill mjög eindregið og ákveðið mæla gegn hækkun útflutningsgjalda af saltsíld, sem felst í frumvarpi þessu.

Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu.“

Alþingi, 18. apríl 1968.

Jón Skaftason, Lúðvík Jósefsson.
frsm.